



HÉRAÐSDÓMUR
REYKJAVÍKUR

D Ó M U R

16. desember 2022

Mál nr. E-1610/2022:

Stefnandi: A

(Lilja Jónasdóttir lögmaður)

Stefndi: B

(Ólafur Karl Eyjólfsson lögmaður)

Dómarar: Sigríður Rut Júlíusdóttir héraðsdómari

Björn L. Bergsson héraðsdómari

Þórir Magnús Lárusson M.Ag., sérfræðingur í hegðun og tamningu
hrossa

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 16. desember 2022 í máli nr. E-1610/2022:

A

(Lilja Jónasdóttir lögmaður)

gegn

B

(Ólafur Karl Eyjólfsson lögmaður)

1. Mál þetta, sem dómtekið var 24. nóvember 2022, var höfðað þann 21. mars 2022. Stefnandi er A, [...], en stefnda er B, [...].
2. Dómkröfur stefnanda eru að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda 13.239.705 krónur með 4,5% vöxtum samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 af 2.167.900 krónum frá 1. júní 2018 til 1. júlí 2021 og af 13.239.705 krónum frá þeim degi til 21. apríl 2022, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags. Að auki er krafist málskostnaðar eins og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál.
3. Stefnda krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda auk málskostnaðar, en til vara að krafa stefnanda verði lækkuð verulega og málskostnaður verði látinn niður falla.

Yfirlit málavaxta og ágreiningsefna

4. Stefnandi hefur stundað hestamennsku frá barnsaldri og keppt í hestaþróttum á nokkrum mótum. Stefnda er vanur knapi sem hefur um langa hríð haldið hesta og einnig keppt á mótum. Síðsumars 2017 varð að samkomulagi milli aðila að stefnandi fengi hesthúspláss og fóður fyrir eigin hest í hesthúsum stefndu, m.a. að [...], gegn því að aðstoða í hesthúsunum. Aðila greinir á um í hverju sú aðstoð hafi nákvæmlega átt að felast skv. samkomulaginu, þ.e. hvort einungis hafi verið um aðstoð við mokstur úr stíum og fóðrun hestanna að ræða eða hvort stefnandi hafi að auki átt að hreyfa hesta í eigu stefndu. Þó er óumdeilt að stefnandi fór reglulega í hesthús stefndu frá haustinu 2017 og að auki að hún hafi farið reglulega á bak hestum í eigu stefndu með hennar vitneskju og samþykki.
5. Einn þeirra hesta sem var í eigu stefndu þegar atvik máls þessa áttu sér stað var hesturinn C frá [...], með fæðingarnúmerið [...], en hesturinn fæddist [...] 2013. C fór í frumtamningu þriggja vetra gamall, haustið 2016. Í febrúar–mars 2017 var hann tekinn á hús og í áframhaldandi tamningu sem hélt áfram um sumarið. Í september 2017 var hesturinn aftur tekinn á hús til þjálfunar. Skv. málátilbúnaði stefnanda stóð henni stuggur af C og hún var óörugg á baki honum því henni fannst hann styggur og spenntur.

6. Þann 1. júní 2018, þegar stefnandi var 16 ára gömul, fór hún á bak C og ætlaði að ríða út með stefndu sem reið öðru hrossi í umrætt sinn. Um leið og stefnandi var komin á bak tók hesturinn á rás frá gerðinu í stungum, þ.e. með hrekkjum. Tókst henni um stund að halda sér á baki hestinum en að endingu snarstoppaði hann fyrir framan stálgrindargerði í hesthúsagötunni. Við það flaug stefnandi af baki og lenti á stálgrindargerðinu með vinstri síðu. Var lögregla kölluð á vettvang slyssins og stefnandi flutt á bráðamóttöku Landspítala í sjúkrabifreið.
7. Á bráðamóttöku kom í ljós með áverkatölvusneiðmynd stórt rof á vinstra nýra stefnanda með blæðingu innvortis. Í kjölfarið var stefnandi lögð inn á gjörgæsludeild þar sem náíð var fylgst með lífsmörkum hennar í tvo sólarhringa. Eftir það var hún lögð á barnaskurðeild til áframhaldandi vöktunar. Stefnandi lá á sjúkrahúsinu allt til 17. júní 2018 og þurfti eftir útskriftina að læknisráði að hafa afar hægt um sig í fjórar vikur hið minnsta. Í ísótópaskannarannsókn um haustið kom í ljós að stefnandi hafði tapað að minnsta kosti þriðjung af vinstra nýra og var með skerta nýrnastarfsemi sem því nam.
8. Eftir slysið var stefnandi með verki í mjóbaki. Við segulómrannsókn komu í ljós töluverðar segulskynsbreytingar í liðböndum milli hryggjarbola á milli fimmta lendhryggjarliðar og spjaldliðar sem taldar voru áverkatengdar. Þá hefur stefnandi sótt meðferð hjá sjúkráþjálfara eftir slysið og hjá sálfræðingi sem greint hefur hana með áfallastreitu og kvíða í kjölfar slyssins.
9. Í málinu liggur fyrir matsgerð D læknis og E lögmans vegna afleiðinga slyssins. Töldu matsmenn hafið yfir vafa að stefnandi hefði hlotið áverka á vinstra nýra við slysið, tognað í lendhrygg og orðið fyrir áfallastreituröskun vegna slyssins. Niðurstöður matsgerðarinnar voru eftirfarandi: Að stefnandi hefði orðið fyrir tímabundnu atvinnutjóni skv. 2. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 frá 1. júní til 25. ágúst 2018. Tímabil þjáninga skv. 3. gr. skaðabótalaga taldist sami tími, þar af í rúmlegu frá 1. júní til 17. júní 2018. Stöðugleikatímupunktur taldist 1. júlí 2021. Varanlegur miski skv. 4. gr. skaðabótalaga taldist 16 stig og varanleg örorka skv. 5. gr. skaðabótalaga 16%. Varanleg læknisfræðileg örorka taldist 16%.
10. Við aðalmeðferð gáfu aðilar aðilaskýrslu. F, G, H og I gáfu vitnaskýrslur. J gaf vitnaskýrslu í gegnum síma. Verður vitnað til framburðar framangreindra eftir því sem þurfa þykir.

Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

11. Stefnandi byggir á því að enginn vafi leiki á því að stefnda beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni hennar sem eigandi hestsins á grundvelli almennu skaðabótareglunnar. Stefnda hafi sýnt af sér saknæma og ólögmeða háttsemi og óforsvaranlegt og hættulegt hafi verið af hálfu stefndu að fela stefnanda að fara á bak hestinum C. Saknæm háttsemi stefndu felist m.a. í því að hafa falið stefnanda, sem ólöggráða barni, þ.e. aðeins 16 ára gamalli, hættulegt

verk, án samráðs við foreldra og án þess að gæta fyllsta öryggis við verkið, þvert á vilja stefnanda sem hafði tjáð stefndu að hún vildi ekki fara á hestinn því hann væri lítið taminn og þekktur fyrir að vera hrekkjóttur. Hafi því hvílt rík skylda á stefndu, sem sé tamningakona með margra ára reynslu, að virða þá ósk stefnanda. Mikill aðstöðumunur hafi verið á milli aðila.

12. Stefnda beri hallann af því að hafa ekki gefið stefnanda skýrar og afdráttarlausar upplýsingar um alla eiginleika hestsins C og vankanta hans, þá sér í lagi í ljósi ungs aldurs stefnanda. Eigendum hesta beri að tryggja öryggi þeirra sem setjast á bak þeim. Stefnda hafi brugðist skyldu sinni og bakað sér bótaábyrgð. Stefndu hafi mátt vera ljóst að hesturinn væri hrekkjóttur og óöruggur og að með engu móti væri réttlæt看legt að setja barn á slíkt hross.
13. Það teljist vítaverð vanræksla af hálfu stefndu að fela 16 ára gömlu barni að ríða lítið tömdu og hrekkjóttu hrossi. Hafi stefnda verið fullkomlega meðvituð um þessa vankanta hestsins, enda hafi hann hrekkjt aðra áður. Vítavert gáleysi sé einnig að hafa falið stefnanda að fara á hrossið, vitandi að stefnandi hafði enga reynslu af tamningum, í ljósi margra ára reynslu stefndu sem starfandi tamningakonu.
14. Dómaframkvæmd beri með sér að ríkar kröfur séu gerðar til eigenda dýra, og þá hesta, um að gæta öryggis barna og þeirra sem fari á bak hrossum í þeirra eigu ásamt því að veita réttar og greinargóðar upplýsingar um eiginleika skepnunnar. Stefnandi telur að slysið hefði ekki orðið ef stefnda hefði virt ósk hennar um að hreyfa ekki hrossið því það væri lítt tamið og hrekkjótt og stefndu hafi mátt vera ljós hættan. Háttsemi stefndu sé saknæm og hún bótaskyld vegna tjóns stefnanda.
15. Stefnandi byggir á því að hvert þeirra atriða sem að framan greinir valdi skaðabótaskyldu stefndu, og ekki síður séu þau tekin saman í heild. Öll skilyrði skaðabótareglunnar séu uppfyllt. Stefnandi eigi rétt á bótum í samræmi við matsgerð matsmanna, dags. 23. september 2021. Telur stefnandi að hún fái raunverulegt tjón sitt ekki bætt nema ef gert er upp á grundvelli hennar.
16. Dómkröfu sína sundurliðar stefnandi á eftirfarandi máta: Þjáníngabætur, sbr. 3. gr. skaðabótalaga, nemi 211.180 kr. Bætur vegna varanlegs miska, sbr. 4. gr. skaðabótalaga, nemi 1.956.720 kr. Bætur vegna varanlegrar örorku, sbr. 5.–7. gr. skaðabótalaga, nemi 10.361.888 kr. Bætur vegna áframhaldandi meðferðar við áfallastreitu hjá sálfræðingi nemi 200.000 kr. Samtals nemi dómkrafa stefnanda því 13.239.705 kr. Við útreikning bóta fyrir varanlega örorku hafi verið stuðst við lágmarkstekjuviðmið 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga þar sem stefnandi sé námsmaður og tekjusaga hennar gefi ekki tilefni til annars. Uppreiknuð lágmarkslaun í júlí 2021, þ.e. á stöðugleikatímmapunkti, nemi 3.620.000 kr.

Aldursstuðull stefnanda sé 17,890 enda hafi hún verið 19 ára og 112 daga gömul þegar hún náði stöðugleikapunkti.

17. Gerð sé krafa um greiðslu 4,5% vaxta samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga vegna þjáningabóta og varanlegs miska frá tjónsdegi þann 1. júní 2018 til 1. júlí 2021, þegar stöðugleikapunkti hafi verið náð, og einnig vegna varanlegrar örorku frá stöðugleikapunkti til 21. apríl 2022, þegar mánuður var liðinn frá því að stefna var birt stefndu. Þá sé krafist dráttarvaxta skv. 9. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga, vegna allra bóталиða frá 21. apríl 2022, þegar mánuður var liðinn frá því að stefna var birt stefndu, og til greiðsludags.

Helstu málsástæður og lagarök stefndu

18. Stefnda hafnar því að skilyrði sakarreglunnar séu uppfyllt enda sé stefnandi vanur knapi sem hafi dottið af fulltömdum hesti sem hún hafi þekkt og samþykkt að fara á bak á eigin ábyrgð, með samþykki móður sinnar. Sönnunarbyrði um meinta sök stefndu, orsakatengsl, tjón og önnur skilyrði sakarreglunnar hvíli hjá stefnanda og hafi sú sönnun ekki tekist í stefnu. Stefnda telji sig hafa gætt fyllsta öryggis og varkárni í hvívetna þegar hún hafi leyft stefnanda að prófa hross sem hún átti og var að þjálf. Stefnda hafi aldrei leyft stefnanda að fara á baki hrossi sem ekki hafi verið fulltamið og þægt.
19. Móðir stefnanda hafi beðið stefndu að aðstoða stefnanda við að öðlast meiri reynslu og færni í hestamennsku til að bæta keppnisfærni í hestaþróttum. Stefnda byggji á því að C hafi verið fulltamið og þægt hross sem ekki hafi verið hrekkjótt eða hættulegt. Stefnandi hafi þekkt hestinn C eftir að hafa farið á bak honum án nokkurra vandamála fyrir slysið eða fyrst í febrúar 2018. Stefnda hafi sagt stefnanda að gæta fyllsta öryggis þegar hún færi á bak C.
20. Stefnda sé ekki tamningakona, eins og haldið sé fram í stefnu, hafi engar tekjur af hestamennsku sinni og gefi sig ekki út fyrir að temja hross gegn gjaldi, sbr. framlögð skattframtöl hennar. Hún stundi hestaþróttir sem tómstundagaman, eigi hesta og þjálf sína hesta sjálf. Hún sé almennur hestaáhugamaður en ekki sérfræðingur í hestamennsku.
21. Stefnandi hafi haft mikinn áhuga á hestum og hestamennsku og hafi hún og móðir hennar beðið stefndu um að stefnandi fengi að prófa hesta til að öðlast reynslu og keppnisfærni í hestamennsku.
22. Tjónið sem varð þegar stefnandi datt af baki hestinum C og lenti á gerði við hesthúsið hafi verið óhappatilvik sem enginn beri ábyrgð á. Hestar séu lifandi verur sem nálgast verði sem slíkar. Ástæður þess að C hafi farið af stað út stéttina við [...], gengið yfir götuna að húsi í [...], snúið við og gengið aftur að gerðinu að [...], þar sem hann hafi staðnæmst með þeim afleiðingum að stefnandi hafi dottið af baki og lent á gerðinu, séu ekki ljósar.

23. Hestamennska sé ekki hættulaus íþrótt og stefnandi sé fullmeðvituð um það þrátt fyrir ungan aldur. Stefnandi hafi ekki verið að þjálfva C fyrir stefndu heldur hafi stefnda leyft stefnanda að fara á bak til að hressa hana við þar sem hún hafi verið niðurdregin eftir orðaskipti við móður sína sem hafi verið orðin of sein að sækja hana í hesthúsið.
24. Samkomulag stefndu við stefnanda og móður hennar hafi verið vinargreiði þar sem stefnanda hafi verið leyft að hafa hest sinn K í húsinu hjá stefndu gegn því að hjálpa til við að moka og gefa. Þjálfun á hrossum í eigu stefndu hafi ekki verið hluti af þessum vinargreiða.
25. Verði ekki fallist á aðalkröfu stefndu um sýknu sé varakrafa stefndu um lækkun kröfu og niðurfellingu málskostnaðar byggð á sömu sjónarmiðum og aðalkrafa með vísan til áhættutöku og eigin sakar.

Niðurstaða

26. Ágreiningur aðila varðar það hvort stefnda beri bótaábyrgð gagnvart stefnanda vegna slyss sem hún varð fyrir er hesturinn C, sem hún sat, hrekkti með þeim afleiðingum að stefnandi datt af baki og varð fyrir líkamstjóni. Ekki er ágreiningur um það að stefnandi hafi slasast við fallið af hestinum, né er ágreiningur um fjárhæð dómkröfu stefnanda. Ágreiningur aðila lýtur einkum að því hvort hesturinn C hafi verið með þannig skapgerð sem og nægjanlega taminn og þjálfaður til að réttlæt看legt væri að stefnandi riði hestinum á slysdegi þegar hún var 16 ára gömul þó hún hefði haft nokkra reynslu sem knapi og hefði keppt á nokkrum mótum. Kemur þar til skoðunar hvort í þeirri háttsemi stefndu að óska eftir, heimila eða koma a.m.k. ekki í veg fyrir að stefnandi riði hestinum hafi falist saknæmi og ólögmæti í skilningi almennu sakarreglunnar þannig að hún beri skaðabótaábyrgð á tjóni stefnanda. Þá byggir stefnandi á því að hún hafi ekki viljað fara á bak hestinum C því hún hafi ekki talið sig hafa næga reynslu til þess en þá ósk stefnanda hafi stefnda ekki virt. Ekki liggur fyrir dómkvatt mat um skapgerð hestsins, hegðun hans eða orsök tjónsins að öðru leyti.
27. Samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar hvílir á stefnanda að sanna að háttsemi stefndu hafi verið saknæm og ólögmæt og að orsakatengsl séu milli þeirrar háttsemi og tjóns stefnanda. Fyrir liggur að hesturinn var fimm ára þegar slysið átti sér stað í júní 2018 og hafði veturinn áður verið í hesthúsi til þjálfunar eftir að frumtamningu hans lauk skv. framburði vitnis sem annast hafði þá tamningu. Vitni sem komu fyrir dóminn báru ýmist um að hesturinn C hefði verið hrekkjóttur, næmur eða stressaður, utan eitt sem sagði hestinn hafa verið rólegan, latan og ekki hættulegan. Ekkert vitnanna bar þó um að hesturinn hefði verið lítið taminn. Með vísan til framburðar vitna þykir dómnum, sem skipaður er sérfróðum meðdómara, ekki komin fram sönnun þess að hesturinn hafi verið lítið taminn eða ekki fulltaminn þannig að hann teldist hættulegur eða varhugaverður af þeim sökum.

28. Þó að með framburði vitna megi leiða ákveðnar líkur að því að skapgerð hestsins hafi verið með þeim hætti að hann hafi verið stressaður, jafnvel hvumpinn, þykir ekki fullsannað að mati dómsins að þeir eiginleikar hestsins hafi gert það að verkum að ekki hefði verið réttlætjanlegt af stefndu að leyfa stefnanda að fara á bak honum. Þá telst ekki fullsannað að stefndu hafi verið eða mátt vera ljóst þegar stefnandi settist á bak hestinum í umrætt sinn að hesturinn væri líklegur til hrekkja, en ekkert þeirra vitna sem komu fyrir dóm gat borið vitni um slíka hegðun hestsins áður en slysið varð. Eina vitnið sem bar um hegðun hestsins fyrir þann tíma var tamningamaðurinn, sem hafði ekki orðið þess var á tíma tamningar og þjálfunar að hesturinn hefði sýnt varhugaverða hegðun eða hrekkt knapa.
29. Með vísan til framangreinds er það mat dómsins að stefnandi hafi ekki leitt nægar líkur að því að hesturinn hafi verið lítt taminn eða ótaminn eða að hann hafi fyrir slysið sýnt af sér slíka hegðun eða skapgerðareiginleika að það teldist til gáleysis af hálfu stefndu að leyfa stefnanda að fara á bak honum. Í þessu sambandi telst því ósannað að stefnda hafi haft tilefni til að koma í veg fyrir að stefnandi færi á bak hestinum í umrætt sinn. Þá er ósannað að stefnda hafi veitt ónógar upplýsingar um hestinn, sem orsakað hafi slysið, eða sýnt af sér vanrækslu við að tryggja öryggi stefnanda. Þá hefur stefnandi ekki á annan hátt sýnt fram á saknæma háttsemi af hálfu stefndu er leitt hafi til tjóns hennar.
30. Af framburði vitna og að fram lögðum gögnum virtum verður það ekki heldur talið sannað gegn neitun stefndu að stefnandi hafi sérstaklega tekið fram við stefndu að hún vildi ekki fara á bak hestinum C en að stefnda hafi virt þá ósk stefnanda að vettugi.
31. Þrátt fyrir að stefnandi hafi verið 16 ára er slysið varð verður í ljósi þess sem hér hefur verið rakið, meðal annars um reynslu stefnanda af hestamennsku, ekki talið að stefnda hafi sýnt af sér saknæma háttsemi í umrætt sinn. Verður því lagt til grundvallar að um óhappatilvik hafi verið að ræða sem stefnda geti ekki talist bera ábyrgð á gagnvart stefnanda. Verður stefnda samkvæmt því sýknuð af kröfum stefnanda.
32. Með vísan til atvika málsins þykir rétt að málskostnaður falli niður. Gjafsóknarkostnaður og þóknun lögmans stefnanda þykir hæfilega ákveðin eins og greinir í dómorði. Í samræmi við dómvenju er ekki tekið tillit til virðisaukaskatts við ákvörðun þóknunar.
33. Af hálfu stefnanda flutti málið Sigríður Harradóttir lögmaður í umboði Lilju Jónasdóttur lögmans. Af hálfu stefndu flutti málið Ólafur Karl Eyjólfsson lögmaður. Dóm þennan kveður upp Sigríður Rut Júlíusdóttir dómsformaður. Meðdómendur voru Björn L. Bergsson héraðsdómari og Þórir Magnús Lárusson, M.Ag., sérfræðingur í hegðun og tamningu hrossa.

DÓMSORÐ

Stefnda, B, er sýkn af kröfum stefnanda, A. Málskostnaður fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hennar, 1.200.000 krónur.

Sigríður Rut Júlíusdóttir

Björn L. Bergsson

Þórir Magnús Lárusson